



Vinnuskólinn

UMSÓKNAREYÐUBLAÐ

Nafn	Kennitala		
Heimili	Sími		
Bankareikningur á nafni og kennitölu umsækjanda	Banki	Nr. útibús	Teg. reiknings Nr. reikn.

Vinnuskólinn

Vinnuskólinn starfar á vegum Stykkishólmsbæjar og heyrir undir byggingafulltrúa. Dagleg stjórn Vinnuskólans er í höndum verkstjóra og flokkstjóra. Helstu verkefni skólans varða snyrtingu og fegrun bæjarins.

Verkefni Vinnuskólans eru viðhald og umhirða við opinberar stofnanir, íþróttavöll og tjaldsvæði, þ.e. rakstur og hirðing, reytun beða, sópun plana, hreinsun rusls, lagfæring göngustíga, málun vegkanta o.þ.h.

Unglingar fæddir :

árið 2000 og fyrr: vinna 7.0 klst./dag í 10 vikur á tímabilinu 6. júní - 12. ágúst.

árið 2001: vinna 7.0 klst./dag í 8 vikur á tímabilinu 6. júní - 29. júlí.

árið 2002: vinna 3.5 klst./dag í 5 vikur á tímabilinu 6. júní - 8. júlí. Unnið f.hád.

Vinnuskólinn lítur svo á að unglingar þurfi að venjast því að vinna með hverjum sem er. Unglingum er skipað í vinnuflokka eftir aldri, en í sumum tilfellum eru þó saman í hóp unglingar á mismunandi aldri. Ekki er gert ráð fyrir því að þeir sem sitja saman í bekk séu endilega vinnufélagar yfir sumarið. Verkefni eru margvísleg og þurfa unglingar því að vera viðbúinir ýmsum breytingum, sem geta varðað vinnusvæði, vinnutíma og vinnuhópa.

Gert er ráð fyrir því að unglingur sem sækir um Vinnuskólann sé tilbúinn að vinna þau verk af hendi sem honum eru falin og sýna kurteisi í samskiptum við stjórnendur skólans og bæjarbúa. Klæðnaður þarf að vera í samræmi við veður og vinnuaðstæður.

Unglingar eiga að hafa með sér nesti til að neyta í kaffitímum. Vinnuflokkar sem eru að störfum í Skógræktinni þurfa að hafa með sér nesti suma daga þar sem þeir koma ekki heim í hádeginu. Ekki er gert ráð fyrir búðarrápi í vinnutímanum.

Fari unglingur ekki að tilmælum flokkstjóra eða sætti sig ekki við þær starfs- og umgengisreglur, sem gilda í Vinnuskólanum verður honum gefið tækifæri til að bæta sig. Beri það ekki árangur er hann sendur heim launalaust.

Fyrsta mæting er við "Áhaldahúsið" mánudaginn 6. júní 2016 kl. 8.00.

Sjúkdómur / veikindi	Nafn læknis	Áætlað sumarleyfi
----------------------	-------------	-------------------

Staðfesting foreldris / forráðamanns:

Undirrituð(aður) staðfestir hér með að ég hef kynnt mér starf Vinnuskóla Stykkishólmsbæjar og mun styðja umsækjanda í því að uppfylla starfsreglur skólans. Jafnframt staðfestast ofangreindar upplýsingar um áætlað sumarleyfi og bankareikning.

Undirskrift foreldris /
forráðamanns

Kennitala

Heimasími / vinnusími

Ég, undirritaður staðfesti hér með að hafa kynnt mér ofangreindar upplýsingar varðandi starfsemi Vinnuskóla bæjarins og mun leitast við að uppfylla starfsreglur skólans.

Dagsetning ____ . ____ 2016

Undirskrift umsækjanda

Vinsamlega skilið umsóknareyðublaðinu útfylltu á bæjarskrifstofu fyrir þriðjudaginn 13. maí